

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Lækjarhvammur, lóð, L167917 og L216467.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi frístundabyggðar Lækjarhvamms í Laugardal fyrir lóðirnar Lækjarhvammur, lóð, L167917 og L216467. Breytingin felur í sér stækkun lóða til norðurs fjær Grafará, breytingu á aðkomu að lóðunum og breytingu á skilmálum er varðar byggingarheimildir innan lóðanna.

Samþykkt í sveitarstjórn 29. mars 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Brattholt, lóð, L193452 (Gullfosskaffi).

Gerð er breyting á deiliskipulagi Brattholts (Gullfosskaffi), sem felur í sér skilgreiningu byggingarreita fyrir skolphreinsistöð og sorpgáma, stækkun á núverandi byggingarreit og sameiningu lóða auk þess sem gert er ráð fyrir nýrri lóð fyrir spennistöð.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. janúar 2021.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. maí 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.